


GLERHVOLFID



myrkum og þéttum greni-
skóginum í norðri er enn dimmt af nóttu og skógarbú-
arnir kúra sig djúpt inni í myrkviðinu. Háfættir elgirnir
fara ekki á stjá fyrir en birtir og gráu úlfarnir liggja þétt
saman í hópum undir greinum trjáanna. Héri í þykkum,
hvítum vetrarfeldi vaknar við að hungrið nagar hann að
innan. Hann hnusar út í loftið til að kanna hvort honum
sé óhætt að leita sér að æti, en myrkrið er ennþá svo þétt
og svart að hann kýs að bíða eftir morgunskímunni.

Í rjóðri í skóginum standa litlir bjálkakofar þétt saman eins og þeir hnipri sig hver að öðrum til að skýla sér fyrir ísköldum næðingnum. Það logar bál á opnu svæði milli húsanna og við það stendur maður klæddur síðum loðfeldi með sterklegan broddstaf í hendi. Hann gengur reglulega umhverfis litlu húsapýrpinguna og skimar inn í myrkan skóginn sem umlykur hana, svo fer hann aftur að bálinu til að hlýja sér við eldslogana. Bráðum er næturvakan á enda.

Skógurinn teygir úr sér til allra átta, dimmur og að því er virðist óendanlegur. Á nokkrum stöðum leggur reyk upp í himininn sem er farinn að lýsast ofurlítið af grábleikri morgunbirtunni. Þar eru fleiri lítil þorp. En úti við sjóndeildarhringinn bregður fyrir einkenni- legum bjarma. Hann kemur ekki frá dauflægri vetrarsól- inni sem reynir nú að gægjast upp fyrir fjallstindana í austri. Þessi ljósbjarmi stafar frá einhverju sem er á jörðu niðri, falið inni á milli dimmgrænna barrtrjána.

Þegar nær kemur blasir við undarleg sjón. Háu grenitrén hafa verið felld á stóru svæði og á því miðju rís upp af jörðinni hátt og vítt glerhvolf, sem er baðað ljósi að innan. Það sést ekkert inn um þykkt, hvítleitt glerið og þegar forvitinn, lítill fugl reynir að fljúga alveg að því til að skoða þetta undarlega fyrirbæri betur finnur hann sér til mikillar furðu að hann kemst ekki alla leið. Það er eins og hann rekist á ósýnilegan vegg og hann finnur fyrir óþægilegu höggi sem skekur litla

fuglslíkamann. Hann hristir fjaðrinar, tístir svolítið ergilega og flýgur svo upp á svera grein á stóru grenitré sem stendur skammt frá. Það sitja fleiri fuglar á greinum þessa trés og nærliggjandi trjáa og á jörðu niðri sést glitta í fjölda smádyra sem stara inn í hvíta birtuna frá glerhvolfinu.

Fuglarnir og skógardýrin sem laðast að skínandi glerhjalminum sjá ekkert inn í hann með sínum blikandi og árvökulu augum. Hvítklædda stúlkan sem rumskar nú af værum svefni inni í hlýju skjóli kúpulsins sér þau ekki heldur. Hún sér ekkert út um þykka glerveggina. Inni fyrir er mátulega hlýtt og mátulega bjart. Stúlkan rís upp við dogg og dregur hvítu, hálf gagnsæju rekkju-tjöldin til hliðar. Svo rís hún á fætur, teygir úr sér og nuddar stíurnar úr augunum. Hún stígur fram á mjúkan, hvítan feld sem liggur framan við rúmið, steypir hvíta náttserknum yfir höfuðið á sér og gengur svo nakin og berfætt eftir flísalögðu gólfinu að lítilli laug. Hún gengur niður tvö þrep og lætur sig síga hægt niður í ylvolgt vatnið. Laugin er mátulega stór til að hægt sé að komast yfir hana í nokkrum sundtökum og við þann enda sem fjær er rennur vatn niður hlaðinn vegg í litlum fossi. Stúlkan syndir letilega yfir laugina og stingur sér undir fossinn. Hún hallar höfðinu aftur og lygnir aftur augunum meðan volgt vatnið rennur niður andlit hennar og sítt, rauðgullið hárið.

Umhverfis laugina og alla leið út að hvítleita gler-

veggnum vex gróður af ýmsu tagi. Ljósgrænir burknar og fagurbláar sverðliljur breiða úr sér næst bakkannum, lyngrósir með stórum hvítum og dökkbleikum blómum standa fjær og loks vaxa nokkur lítil blómstrandi ávaxtatré upp við glervegginn. Veggurinn sem fossinn steypist niður eftir er hlaðinn úr tilhöggnum steini og á honum eru syllur með gróðri hér og hvar. Ef vel er að gáð má greina ofurlítið hreiður á einni syllunni þar sem lítill spörfugl kúrir á eggjum. Litskrúðug fiðrildi flögra umhverfis fölbleiku blómin á kirsuberjatrénu og hvítt blómskrúð eplatrésins. Hér inni ríkir vorið þótt vetrarkuldinn nísti dýrin og fuglana sem norpa fyrir utan, dáleidd af hvítu skininu frá glerhjálminum.

Stúlkan syndir aftur að þrepunum við bakkann og stígur upp úr lauginni. Á lágum bekk við laugarbakkann liggur samanbrotið þykkt og dúnmjúkt, hvítt handklæði. Hún þurrkar sér og lætur handklæðið falla á flísalagt gólfíð. Svo tekur hún hvítu nærfötin og hvíta kjólinn sem liggja líka snyrtilega samanbrotin á bekknum og klæðir sig. Kjóllinn er einfaldur í sniðinu, næstum eins og náttserkurinn sem hún afklæddist fyrir baðið, nema hvað ermarnar á honum eru langar og hann er hnepptur að framan með litlum perluhnöppum. Stúlkan teygir sig eftir hárburstanum sem liggur á bekknum og greiðir niður úr síðu, blautu hárinu. Það gerir ekkert til þótt kjóllinn blotni á öxlunum og niður á bak af væt-

unni úr hárinu, bleytan þornar fljótt í þægilegum hitanum hér inni.

Stúlkan geispar og hendir hárburstanum aftur í áttina að bekknum, en hittir ekki svo hann lendir á laugarbarminum. Hún skeytir ekkert um það en gengur berfætt út af flísagólfinu og yfir á annað svæði sem er gróið mjúku, iðjagrænu grasi. Það er líka umlukið gróðri í vorskrúða og á grasblettinum miðjum stendur hringlaga borð undir himni sígrænna vafningsjurta sem grannar, silfurlitar málmsúlur halda uppi. Einn stóll stendur við borðið sem hlaðið er silfurskálum með margvíslegu góðgæti; fersku brauði, ávöxtum og berjum, hnetum, eggjum, niðursneiddu kjöti og fiski. Kanna með vatni stendur á borðinu og önnur með ávaxtasafa ásamt skínandi kristalsglösum. Stúlkan sest við borðið og hellir vatni í glas og teygir það í einum sopa. Svo teygir hún sig í mjúka brauðbollu og fær sér einn munnbita af henni, grettir sig og leggur hana frá sér á borðið. Hún borðar handfylli af hnetum og tekur því næst nokkra bita af fallega glórauðu epli, en leggur það líka frá sér hálfklárað. Þegar hún stendur upp frá borðinu heyrir skyndilega hveltt hljóð, eins konar blístur og svo heyrir rödd segja:

– Morgunverðurinn er mikilvægasta máltíð dagsins. Nauðsynlegt er að fá næringu úr öllum fæðuflokkum í upphafi dags.

Röddin sem hljómar úr hátalaranum er vélræn og fremur kuldaleg, svolítið nefmælt. Stór skjár sígur niður úr loftinu og uppljómast með mynd af konu sem stendur við borð hlaðið matvörum. Stúlkan yggir sig og sest aftur við borðið.

– Já, já, tautar hún. – Ég veit, ég veit.

Hún borðar eitt egg, flís af hvítu fuglakjöti og ofurlítinn fiskbita, drekkur glas af safa og tínir svo upp í sig nokkur jarðarber. Á meðan þylur konan á skjánum upp einkenni fæðuflokkanna og hættir ekki fyrr en stúlkan hefur borðað einhverja ögn úr sérhverri af silfurskálunum. Þá slokknar á skjánum og hann rennur hljóðlega upp aftur.

Stúlkan andvarpar, stendur hægt á fætur og teygir úr handleggjunum yfir höfuðið. Svo gengur hún út af mjúkum grasblettinum yfir á svæði sem þakið er mjúkri mottu úr stömu, gúmmíkenndu efni. Um leið og hún stígur út á mottuna byrjar hressileg tónlist að glymja úr hátölurum einhvers staðar hátt uppi í kúplinum og annar skjár sígur niður úr loftinu. Í þetta sinn birtist karlmaður á skjánum, glaðlegur og brosmildur, herðabreiður og traustvekjandi. Hann heilsar henni glaðlega:

– Góðan daginn, Áróra! Við skulum heilsa þessum fallega degi með brosi á vör og hreyfa okkur duglega til að koma blóðrásinni af stað!

Stúlkan svarar með því að yggla sig og reka tunguna framan í skjáinn. Lengi, lengi hélt hún að þjálfarinn sæi

hana eins og hún sér hann. Hún brosti og heilsaði á móti, já, henni þótti jafnvel ofurlítið vænt um hann og fannst að honum hlyti að þykja vænt um hana fyrst honum var svona annnt um að hún væri hraust og heilbrigð. En svo var það einhvern daginn að hún var alls ekki í skapi til að hoppa og teygja sig og svaraði glaðlegu ávarpi hans fýld og grettin. Hún hafði dauðséd eftir því undireins og búist við að hann yrði reiður eða særður, en framkoma hennar virtist ekki hafa nein áhrif á manninn á skjánum. Þá fór hún að gera tilraunir. Hún gretti sig og geiflaði, rak út úr sér tunguna og hermdi meira að segja eftir allavega dónalegum búkhljóðum, en það hafði engin áhrif á vöðvastæltan og skælbrosandi þjálfarann. Það eina sem vakti viðbrögð var ef hún hreyfði sig ekki, tók ekki þátt í æfingunum sem hann fyrirskipaði, heldur stóð bara kyrr eða gerði eitthvað allt annað en það sem hann sagði fyrir um. Þá byrjaði bara allt á nýjan leik, allt frá glaðlegri óskinni um góðan dag og óþolandi hressilegri og taktfastri tónlistinni. Hún hefur lært að það borgar sig að drífa æfingarnar af til að losna sem fyrst af gúmmímottunni. Þá bíður hennar sá tími dagsins sem henni hugnast best.

Hún finnur að hjartað slær örar eftir hreyfinguna. Hún flýttir sér að nota salernið, sem er eins og ofurlítið hús inni á milli sígrænna runna. Svo setur hún á sig svuntu og hanska og byrjar að hirða um gróðurinn sinn og dýrin.

Vinnan er ekki erfið. Hér sprettur ekkert illgresi sem þarf að reyta og hún þarf ekki að bera þungar byrðar. En gróðurinn og dýrin eru aldrei alveg eins frá degi til dags. Þau eru það eina sem tekur nokkrum breytingum í daglegu lífi hennar. Hún nýtur þess að fylgjast með blómjurtunum og runnunum vaxa og blómstra, finna af þeim ilminn, tína af þeim visin blóm og blöð og sjá svo hvernig nýtt brum vex fram, stækkar og þroskast. Hún fylgist með fiðrildunum skríða út úr púpunum og breiða úr litskrúðugum vængjunum. Nokkrir smáfuglar eiga hér heimili og hún sér þá nostra við hreiðrin sín og liggja á eggjunum, fylgist með þeim mata ungana sem stækka og fara svo sjálfir að gera veiklulegar tilraunir til að fljúga. Einu sinni fann hún ofurlítinn unga liggja hreyfingarlausan á gólfinu. Hún tók hann varlega upp og bjó um hann á svolitlum bing af mjúkum laufum og rósablöðum. Daginn eftir var hann horfinn.

Áróra fer sér rólega við garðyrkjustörfin, vökvar blóm, tré og runna og rakar svo vandlega alls staðar í kringum gróðurinn með lítilli hrífu. Þar sem gróðurinn er þéttastur er hann eins og ofurlítill skógur. Þar eru falleg, lítil reynitré, vorgræn birkitré og lítill hlynur með stórum, rauðleitum blöðum. Lággróðurinn er gróskumikill og á milli burknanna er bæli hvítu kanínanna. Þær eru gæfar og koma til hennar þegar hún réttir fram höndina, hnusandi út í loftið til að aðgæta hvort hún sé að færa þeim eitthvert góðgæti. Hún

strýkur yfir mjúkan feldinn á þeim báðum og klórar þeim bak við eyrun. Nú ættu bráðlega að fara að koma ungar.

Blómstur lyngrósanna umhverfis laugina eru sum farin að fölna og stúlkan veit að betra er að tína sölnuðu blómbloðin burt. Hún fyllir litla körfu af visnuðum bleikum og hvítum blöðum og fer svo bak við trjálundinn. Þar er hleri í gólfinu sem hún lyftir upp. Það gýs upp lykt af mold og rotnuðu laufi meðan hún tæmir úr körfunni ofan í dimma holu niðri í jörðinni. Hún stendur rétt við útvegg kúpulsins meðan hún losar körfuna, svo nærri að hún finnur fyrir undarlegu kulinu sem stafar frá honum. Henni er illa við hrímhvítan, ógagnsæjan glervegginn og reynir að forðast að horfa á hann eða hugsa um hann.

Þegar umhirðustörfunum er lokið og hún hefur gengið frá verkferunum er aftur kominn tími til að fá sér að borða. Áróra tínir í sig mat úr silfurskálunum, smábita úr hverri skál til að losna við fyrirlestur í þetta sinn. Það virðist ekki skipta máli hversu mikið hún tekur, bara að hún taki eitthvað smávegis úr hverri skál. Hún flýtir sér ekkert að borða, því eftir máltíðina tekur við sá tími dagsins sem henni finnst óendanlega lengi að líða. Þegar hún hefur lokið við matinn gengur hún löturhægt yfir grasflötina, framhjá stóra, hvíttjaldaða rúmstæðinu sem er inni í miðju kúpulsins og yfir í þann helming svæðisins sem helgaður er hinni daglegu

fræðslu og uppeldi. Áróra gengur niður þrjú þrep á flísalagt, hringlaga svæði. Þar sest hún krosslögðum fótum á sessu og um leið sígur enn einn skjárinn niður úr loftinu. Þessi er þó stærstur þeirra allra.

Skjárinn ljómar af gullinni birtu og kliðmjúk tónlist ómar úr hátölurum hátt uppi í hvelfingunni. Svo birtist undursamleg, skjannahvít og háreist höll, umvafin gróskumiklum gróðri. Fyrir utan höllina gýs kristaltært vatn upp úr silfurpípum og fellur eins og perluregn niður í gosbrunn úr hvítum marmara. Hvítir páfuglar breiða úr stélinu og spranga hnarreistir um iðjagræna grasflöt. Tvær hvítklæddar manneskjur koma gangandi niður hallartröppurnar, karl og kona, hávaxin og björt yfirlitum. Þau ganga nær, alveg þar til brosandí andlit þeirra fylla risastóran skjáinn.

– Góðan daginn, Áróra. Góðan daginn, elskulega dóttir.

Áróra svarar engu. Hún lítur ekki upp á skjáinn heldur starir fram fyrir sig og bíður samanbitin eftir að hinum daglegu kveðjum ljúki. Þegar hún var lítil tók hún alltaf glaðlega undir kveðjurnar, brosti og veifaði til foreldra sinna. Hún hélt að þau væru að horfa á sig úr fallegu höllinni sinni. Það er langt síðan hún gerði sér grein fyrir að þau eru ekki annað en mynd á skjánum. Kveðjurnar eru aldrei nákvæmlega eins tvo daga í röð, stundum sitja þau á stólum inni í sal skreyttum gulli og marmara, stundum eru þau á gangi

í hallargarðinum, en eftir nokkrar vikur eða mánuði birtast sömu myndirnar á ný. Þannig hefur þetta verið svo lengi sem hún man.

Kveðjurnar taka einungis örskamma stund og Áróra er fegin þegar þeim lýkur. Þá taka við langar kennslustundir í stærðfræði, málfræði og tónlist og fræðsla um rétta hegðun og fágaða framkomu. Hún sér myndir af fjöllum og dölum og heyrir að yfir þessu fagra landi ríki hinn ástsæli konungur, faðir hennar og drottningin, móðir hennar. Ýmsir kennarar birtast á skjánum og útskýra viðfangsefnið í máli og myndum. Henni þykir þetta flest heldur leiðinlegt og langdregið, en ekkert vekur hjá henni vanlíðan nema myndirnar af foreldrum hennar í hvítu höllinni sinni. Þau birtast aftur á skjánum við lok dagsins til að hrósa henni fyrir að sýna kennslunni athygli og fullvissa hana um að allt sem hún lærir muni koma henni til góða í framtíðinni. Svo óska þau henni góðrar næturhvíldar og að því loknu slokknar á skjánum.

Það er farið að rökkva inni í hvelvingunni. Áróra stendur upp og teygir úr sér. Hún er þreytt eftir daginn, þreytt á að sitja kyrr og hlusta, þreytt á að hlusta á kennarana þylja upp staðreyndir, þreytt á að reyna að muna og skilja. En fyrst og fremst er hún þreytt á innilokuninni. Hún veit að heimurinn er stærri en litla veröldin hennar. Myndirnar á skjánum sýna höll foreldra hennar og skínandi borgina umhverfis hana sem

byggð er brosmildu og fallegu hvítklæddu fólki. Þær sýna grænar grundir og tré og gróður sem er stærri en sá sem rúmast hér inni í garðinum hennar. Hún hefur lært að til eru dýr og fuglar sem hún hefur aldrei séð, víðáttumiklar sléttur, fljót, há fjöll og endalaust úthaf. Hún hefur séð myndir af þessu öllu á skjánum og veit hvað það heitir og hvað það er, en samt er eins og ekkert af því sé raunverulegt.

Hún hefur alltaf verið hér, að minnsta kosti man hún ekki eftir öðru. En hún hefur ekki alltaf verið ein. Hún lokar augunum og reynir að kalla andlit Fóstru fram í hugann. Það er alltaf að verða erfiðara að muna hvernig hún leit út, það er svo langt síðan hún hvarf. En hún man vel eftir rödd hennar, hlýrri og glaðlegri, man hvernig hún söng fyrir hana og sagði henni sögur. Fóstra annaðist hana þegar hún var lítil og kenndi henni svo smám saman að gera allt það sem hún þurfti að kunna. Hún kenndi henni að klæða sig sjálf og halda sér hreinni, kenndi henni að synda í litlu lauginni og hvernig hún ætti að hirða um garðinn og kanínurnar. Svo var hún allt í einu horfin. Einn morguninn þegar Áróra vaknaði var hún ein. Alein. Og þannig hefur það verið síðan. Lengi, lengi ... óendanlega lengi.

Áróra borðar síðustu máltíð dagsins. Í þetta sinn lætur hún sér nægja ávexti og hnetur og skjárinn hefur ekkert við það að athuga. Svo þvær hún sér og burstar tennurnar, alveg eins og Fóstra kenndi henni fyrir

löngu. Því næst afklæðist hún, tekur hreinan náttserk af bekknum við rúmið og fer í hann. Loks leggst hún í rúmið sitt og horfir upp í hvítan tjaldhimininn fyrir ofan sig. Hvernig skyldi vera að horfa upp í stjörnu- bjarta himininn sem hún hefur séð myndir af á skjánum? Á litlu borði við rúmstokkinn er silfurbikar með vatni. Hún drekkur það í einum teyg. Innan skamms getur hún ekki lengur haldið augunum opnum. Áróra prins- essa sefur.